

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. maí 2019
2019050037/42-2
BM, HGP, LÁ, SB, SBR, TB
jgo/tb

Fyrirhuguð endurheimt Hítarár, matsskylda

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 13. maí sl., þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum fyrirhuguð framkvæmd við að endurheimta Hítará, á kafla sem hefur þornað upp vegna berghlaups úr Fagraskógarfjalli eða farið undir hlaupið, skuli háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Um framkvæmdina

Gert er ráð fyrir að móta nýjan farveg fyrir Hítará á um 1,9 km kafla í gegnum berghlaupið og endurheimta einnig um 7 km langan kafla neðan þess. Gert er ráð fyrir að leggja vegi beggja vegna farvegarins og fara m.a. í aðgerðir s.s. að setja mól í botn farvegarins og reyna þannig að mynda búsvæði fiska. „Hítará“ rennur nú í farvegi Tálma. Verði ekkert gert hefur göngufiskur ekki lengur aðgengi að um 21.4 km kafla í Hítará, frá ármótum við Tálma að Hítarvatni. Hluti þess svæðis var ekki fiskgengur fyrir 1971 en þá var gerður laxastigi í Kattarfossi og er það svæði því ekki upprunalegt. Markmið framkvæmdarinnar er að endurheimta mikilvæg hrygningarsvæði í Hítará. Framkvæmdin flokkast undir vatnsstjórnunarframkvæmd vegna landbúnaðar á stærrni en 3 ha svæði og er því tilkynningarskyld skv. lögum nr. 106/2000.

Fyrirhuguð er að bera saman tvo kosti þ.e. að laga nýjan farveg árinna í Tálma með viðeigandi aðgerðum þ.m.t. laxastigum og að opna farveg Hítarár með því að grafa í gegnum skriðuna (þrjár mögulegar leiðir) m.a. með tilliti til þykktar skriðunnar og efnismagns sem þarf að flytja. Auk þess verður reynt að gera farveginn eins „náttúrulegan“ og hægt er. Skurðurinn í gegnum skriðuna yrði að jafnaði um 6 m djúpur og botn um 18 m breiður. Áætlað er að grafa þurfi á milli 296.000 - 350.000 rúmmetra af efni og flytja það til. Auk þess þarf að gera vegi.

Svæði umhverfis fyrirhuguð framkvæmdasvæði njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, sjá kafla 7.2 í greinargerð VSÓ. Í kaflanum er einnig vísað til Vatnalaga um heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg. Jafnframt er vísað til laga um stjórn vatnamála um hvort framkvæmdin kalli á að hluti Hítarár verði skilgreindur sem breytt vatnshlot eða hvort



framkvæmdin falli undir 17. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 sem fjallar um náttúrulegar orsakir og óviðráðanleg atvik.

Helstu áhrif framkvæmdarinnar samkvæmt greinargerð

Í greinargerð VSÓ eru helstu áhrif framkvæmdarinnar talin vera endurheimt hrygningarsvæða, áhrif á jarðmyndanir og vatnafar, þar er sérstaklega nefnt minni hætta á flóðum í ánni Tálma og endurheimt Kattarfoss en einnig jákvæð áhrif á votlendi umhverfis ána.

Í kafla 8.1 um áhrif á fiska er farið yfir mat á gildi Hítarár og annarra áa á svæðinu og möguleg áhrif framkvæmda. Í lok kaflans er ályktað að endurheimt Hítarár í fyrri farveg geti haft mjög jákvæð áhrif á fiska og búsvæði þeirra. Í kafla 8.2 er fjallað um áhrif á gróður og það metið svo að áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg. Sömuleiðis eru áhrif á fugla metin óveruleg. Áhrif á ásýnd eru metin óverulega neikvæð.

Í kafla 8.5 er fjallað um áhrif á jarðmyndanir og þar kemur m.a. fram að framhlaupið teljist með merkjum jarðminjum landsins og hafi hátt verndar- og fræðslugildi sem dæmi um virk ferli í landmótun. Þar kemur einnig fram að gera megi ráð fyrir einhverjum hreyfingum í skriðunni á næstu árum og einnig að nánari hönnun verði útfærð þegar stöðugleiki skriðunnar hafi verið kannaður betur. Einnig kemur fram að skoða þurfi öryggismál sérstaklega. Niðurstaða greinargerðarinnar er að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á jarðmyndanir.

Í kafla 8.6 er fjallað um áhrif á vatnafar. Þar kemur m.a. fram að engar rannsóknir hafi farið fram á vatnafari á svæðinu almennt. Bent er á að fossar hafi horfið, Kattarfoss, grunnvatnsstaða hafi hækkað og kaldavermsl koma víða fram undan hrauni, hlutfall lindarvatns hafi aukist og hitastig breyst. Einnig er fjallað um möguleg mengunarslys vegna aðgerða. Í heild er metið að framkvæmdin muni færa vatnafar nær fyrra horfi og áhrif eru því talin jákvæð.

Í kafla 8.7 er fjallað um samfélagsleg áhrif sem eru metin mjög jákvæð. Niðurstaða Veiðifélags Hítarár er að framkvæmdin í heild sé líkleg til að hafa óveruleg áhrif á alla umhverfisþætti nema jarðminjar sem eru metin neikvæð. Mengunarhætta vegna framkvæmda er talin lítil. Í heild er talið að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og sé því ekki matsskyld.

Umsógn

Fyrir það fyrsta vill Náttúrufræðistofnun benda á að framhlaupið, Fagraskógarfjall og hlíð þess, brotsárið og næsta nágrenni hafa ekki verið talin öruggur vettvangur. Frekari framhlaup hafa því ekki verið útilokuð og er eðli berghlaupa með þeim hætti að breytingar geta orðið í mörg ár eftir megin atburðinn. Verði af framkvæmdum þá gæti hrun átt sér stað úr bökkum nýs farvegar og stíflað hann. Gera má því ráð fyrir að áin í nýjum farvegi þurfi mörg ár, jafnvel áratugi til að ná „náttúrulegu“ jafnvægi. Einnig að nefna sérstaklega að framhlaupið úr Fagraskógarfjalli er merkilegt dæmi um rof og setmyndum á nútíma sem telst til virkra ferla í landmótun Íslands og eitt fárra af þessari stærðargráðu sem hefur fallið á sögulegum tíma. Að mati Náttúrufræðistofnunar telst því framhlaupið til merkra jarðminja með hátt verndar- og fræðslugildi og hátt vísindalegt gildi um virk ferli í landmótun. Sjá nánari umfjöllun um framangreint efni í meðfylgjandi bréfi Náttúrufræðistofnunar frá 11. febrúar sl.



Það sem vekur sérstaklega athygli Náttúrufræðistofnunar í greinargerð VSÓ er að svo til engar rannsóknir hafa átt sér stað á svæðinu. Þrátt fyrir það er komist að þeirri niðurstöðu að endurheimt Hítarár sé jákvæð og miðað við greinargerðina á það bæði við um náttúru svæðisins og fjárhagslegan/samfélagalegan ávinning. Að mati Náttúrufræðistofnunar er framhlaupið náttúrulegt ferli sem gefur einstakt tækifæri til að fylgjast bæði með framvindu jarðfræðilegra ferla sem og breytingum á vatnafari og lífríki. Sú þekking sem fæst við rannsóknir á þessum náttúrufarspáttum á svæðinu gæti reynst ómetanleg langt fram yfir hugsanlegan ávinning af endurheimt Hítarár sem alls óvíst er um árangur af. Rétt er einnig að benda á að tæplega er hægt að tala um að endurheimta náttúrulegt vistkerfi þar sem Hítará frá Kattarfossi var fyrst gerð aðgengileg fyrir lax eftir 1971. Sú framkvæmd hefur ekki verið metin m.t.t. þess lífríkis sem þá var í ánni heldur er einungis verið að meta ávinning út frá þeim stofni laxa sem nú er í ánni og laxveiðihagsmunum. Hugmyndin með framkvæmdinni er því að færa hinn nýja en náttúrulegan farveg árinna í gegnum skriðuna sem byggir á því að ekki sé lengur aðgengi að hrygningarsvæðum og aðgengi fiska takmarkað upp Tálma. En eins og áður segir eru umrædd hrygningarsvæði ekki náttúruleg heldur tilkomin vegna laxastiga við Kattarfoss. Aðgengi laxfiska að svæðinu er því ekki svo frábrugðið því sem upprunalega var fyrir breytingar af mannavöldum. Ekki hefur verið skoðað hver raunbreytingin er á fiskgengd eftir skriðufallið og hversu mikið af fiski leitar nú upp Tálma. Hæpið er að tala um að framkvæmdin hafi mjög góð áhrif á lax þar sem forsendur fyrir því að núverandi aðstæður, eða þær breytingar sem munu eiga sér stað á næstu árum, séu slæmar eða verri en fyrirhuguð endurheimt eru ótraustar.

Fyrir liggur að taka þarf á þessu stigi ákvörðun um hvort fyrirhuguð framkvæmd eigi að vera matsskyld eða ekki og í raun án tillits til þess hvort framkvæmdin sé æskileg eða ekki. Að mati Náttúrufræðistofnunar væri eðlilegast að náttúruleg framvinda á svæðinu, bæði jarðfræðilegra ferla svo og vistfræðilegra ferla, fengi að þróast á forsendum náttúrunnar sbr. 1. gr. laga um náttúruvernd nr 60/2013 þar sem segir: *Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir fóngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamforum og hnattrænum umhverfisbreytingum.* Rétt er að benda á að hér á endurheimt við röskuð vistkerfi af mannavöldum.

Náttúrufræðistofnun telur að verði farið í framkvæmdina eigi hún að vera matsskyld af eftirfarandi ástæðum: 1. Framkvæmdin er á svæði sem tvímælalaust verður lagt til af Náttúrufræðistofnun að fari á náttúruminjaskrá og njóti verndar sem dæmi um stórt framhlaup/skriðu á nútíma og virk ferli landmótunar og er metið hafa hátt fræðslu- og vísindalegt gildi. 2. Stærð og umfang skurða og magn af efni sem þarf að flytja til. 3. Skortur á rannsóknum á öllum sviðum framkvæmdarinnar og mikil óvissa um bæði árangur af aðgerðum út frá jarðfræðilegu og vistfræðilegu sjónarmiði en ekki síður hvernig standa beri að framkvæmdum. 4. Tækifæri til að rannsaka náttúrulega framvindu á jarðfræðilegum og vistfræðilegum ferlum glatast.



5. Verði farið í framkvæmdir áður en skriðan hefur „jafnað“ sig kallar það bæði á meiri óvissu um árangur og að skoða þarf öryggismál sérstaklega. Er starfsmenn Náttúrufræðistofnunar skoðuðu skriðuna nýlega á vettvangi varð grjóthrun. Einnig er vakin athygli á því að búið er að gera veg yfir skriðuna en Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um hvort leyfi hafi verið gefið til þess eða ekki.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Melur Brú NL 11.02.2019



11.02.2019

Náttúrufræðistofnun Íslands

Álit vegna mögulegra framkvæmda í nýju berghlaupi í Hítardal

Fyrst af öllu er rétt að ítreka að Fagraskógarfjall og þá sérstaklega hlíð þess, brotsárið og næsta nágrenni þar undir hefur ekki verið talinn öruggur vettvangur enn sem komið er. Frekari framhlaup hafa ekki verið útilokuð, þ.m.t. stórir atburðir og líkur taldar á minni skriðuföllum og hruni úr fjallshlíðinni. Þess má geta að t.d. hafa sérfræðingar Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnunnar Íslands ekki farið um hlíðina né flatlendið næst hlíðinni vegna hættu á frekara hruni. Sú könnun sem þegar hefur verið gerð á svæðinu, hefur að mestu leyti verið unnin með fjarkönnun.

Eðli berghlaupa er slíkt að lengi eftir megin atburðinn, stundum mörg ár og jafnvel áratugi, geta átt sér stað síð-hreyfingar. Bæði minni hlaup og hrun úr brotsári tiltekinnar hlíðar en einnig hreyfingar á berghlaupaurðinni sjálfri á meðan hún er að setjast og ná fullum stöðugleika.

Framhlaupið úr Fagraskógarfjalli er talið 5-30 m þykkt og því ljóst að áætlun um að grafa ánni nýjan farveg gegnum urðina á um 1,9 km kafla verði mikið og líklega kostnaðarsamt verk, en það er annarra að meta. Gera þarf ráð fyrir að mjög stór grjótt og bergbrot leynist í framhlaupsurðinni, sem mögulega þarf að sprengja eða breyta áætlaðri leið farvegs í einhverjum tilfellum.

Í nýjum farvegi þarf að gæta sérstaklega að hættu á hruni úr 10-30 m háum aur- og urðarbökkum umhverfis farveginn. Líklegast yrði að vinna það mikinn fláa á viðkomandi farveg að ekki stafaði hættu af hruni úr bökkunum. En framhlaupsurðir sem þessar eru óstöðugar í eðli sínu og bregðast oft við með hreyfingum, skriðum og hruni í leysingum og rigningatíð, sérstaklega á lítt- eða ógrónum brúnum, bökkum, farvegum og stöllum. Tiltölulega lítil skriðuföll úr bökkum gætu mögulega myndað stíflu í árfarveginn og þá ýmist orðið lítið hlaup við stíflurof eða áin breytti farvegi sínum í samræmi við það. Þó gengið yrði frá bökkum með góðum hallandi fláa til að takmarka hættu af hruni og skriðum, yrðu minni aurskriður og hreyfingar vel mögulegar á meðan ekki er jarðvegshula og sterk gróðurþekja í bakka farvegarins. Auk þess þarf áin að öllum líkindum nokkuð mörg ár, jafnvel áratugi, til að ná náttúrulegu jafnvægi við farveginn. Gera má ráð fyrir að nýtt framhlaupsefnið sé tiltölulega auðrofið og óstöðugt þegar opnaður hefur verið farvegur fyrir ána og því má búast við talsverðu rofi og efnisflutningum um áætlaðan farveg og að farvegurinn geti tekið einhverjum breytingum. Miklar líkur eru á að framhlaupið hafi algjörlega umturnað fyrra yfirborði sem fór undir skriðuna og er talið ómögulegt að endurheimta fyrra yfirborð sem árbotn. Gera verður ráð fyrir að í nýjum farvegi verði mikill framburður, mól, sandur og aur, og þannig líkist áin helst dragá sem einkennist af malar bökkum og eyrum.

Því verður að halda til haga að þessi atburður er mjög merkilegt dæmi um rof og setmyndun á nútíma sem telst til virkra ferla í landmótun Íslands. Framhlaupið er talið um 10-20 milljón m³ og eitt mjög fárra af þessari stærðargráðu sem fallið hafa á sögulegum tíma. Þó ferskt framhlaupið sé ófrýnilegt og stingi í stúf í grónum dalnum, mun jarðvegs og gróðurþekja smám saman myndast á urðarbingnum og náttúrufrýrbærni á endanum mögulega verða aðdráttarafi.



Framhlaupið telst með merkum jarðminjum landsins og hefur hátt verndar- og fræðslugildi sem dæmi um virk ferli landmótunar landsins. Í þessu samhengi má nefna að sum forn framhlaup landsins þykja mjög merkileg og hafa talsvert gildi bæði jarðfræðilega og fagurfræðilega, t.d. Vatnsdalshólar í Húnavatnssýslu og Hólahólar í Öxnadal. Hér gefst kostur á að fylgjast með nýju framhlaupi og skilja þannig betur hegðun og þróun slíkra.

Komi til framkvæmda í framhlaupinu við Fagradalsfjall ætti í það minnsta að gera kröfu um að gengið verði frá efni og uppgreftri í samræmi við núverandi yfirborð framhlaupsins þ.e. að segja á sem náttúrulegastan hátt.

Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunnar í lausum jarðlögum leggja til að ekki verði farið í neinar framkvæmdir nema í samráði við Almannavarnir og Veðurstofu Íslands. Þessar stofnanir vakta og vara við hættu á hverskonar náttúruvá. Jafnvel þyrfti að fara fram einhverskonar hættumat eða frekari athuganir á fjallinu áður en til framkvæmda kæmi og ekki síður að leita leiða til að mönnum stafi ekki hætta af hruni og skriðuföllum úr nýjum manngerðum farvegi.